

450 milljón króna framlag Krabbameinsfélagsins sett á ís

Ekki verður tekin afstaða til þess hvort þiggja eigi 450 milljón króna framlag Krabbameinsfélagsins fyrr en ljóst er hvernig nýta á húsnæði Landspítala. Vonbrigði, segir framkvæmdastjóri félagsins. Undir það taka Signý Vala Sveinsdóttir og Agnes Smáradóttir yfirlæknar á Landspítala

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir



Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, vill sjá nýja aðstöðu fyrir dagdeild krabbameinssjúkra og undrast það að engar áætlanir séu um úrbætur. Myndlgag

„Aðstaða krabbameinssjúkra á Landspítala er óviðunandi,“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins. Undir það taka Signý Vala Sveinsdóttir, yfirlæknir blóðlækninga á Landspítala og formaður Félags íslenskra lyflækna, og Agnes Smáradóttir, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala.

„Aðstaðan er algjörlega óviðunandi, bæði fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk,“ segir Signý Vala. „Það er aðkallandi að leysa úr vandanum.“

Halla segir að fyrir tæpu ári hafi verið samþykkt á aðalfundi Krabbameinsfélagsins að veita 450 milljónum króna til byggingar nýrrar dagdeildar fyrir blóð- og krabbameinslækningar með því skilyrði að ný deild verði tekin í notkun á þremur árum í svokallaðri K-byggingu Landspítala í Fossvogi. Boðið sé háð því að brugð-

ist sé hratt við. Signý Vala segir að hugmyndin njóti víðtæks stuðnings.

„Nauðsynlegt er að heilbrigðisráðherra hafi þetta mál sem eitt af forgangsverkefnum sínum, það er að fyrsta flokks framtíðaraðstaða verði sett upp fyrir dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga.“

Agnes segir vandann birtast víða í starfsemi. Dýrari lyf séu notuð vegna plássleysis. Ráða þurfi fleiri lækna en ekki sé pláss fyrir þá. Skoðað sé að kalla fólk til aðhlynningar á kvöldin þar sem ekki er pláss á daginn. „Við styðjum málið heilsuhugar,“ segir hún. „Það er afar brýnt þar sem ekki er gert ráð fyrir deildinni á nýja spítalanum.“

Krabbameinsfélagið hefur í tvö ár átt í viðræðum við Landspítala um úrbætur, en hefur nú fengið þau svör frá heilbrigðisráðuneytinu, eftir fund með nýjum ráðherra í ársbyrjun, að heildarendurskoðun á húsnæði spítalans sé í gangi. Ákvörðun um framhaldið verði byggð á þarfagreiningu í kjölfar hennar. Halla segir ákvörðun Krabbameinsfélagsins aðeins gilda fram að næsta aðalfundi félagsins í maí.

„Sjúklingar á deildinni fengu lyf fyrir 2,3 milljarða króna í fyrra. Kostnaður við frágang K-byggingarinnar og flutning dagdeildarinnar er um 1300 milljónir króna. Félagið er tilbúið til að leggja fram rúmlega þriðjung þeirrar upphæðar,“ segir Halla. Hún bendir á að bregðast verði við bágrri aðstöðunni því búast megi við að krabbameinstilvikum fjölgi um hátt

í þriðjung á næstu 15 árum. Halla lýsir ástandinu á deildinni:

„Á deildinni eru margir að takast á við stærstu áskorun lífs síns. Aðstaðan er allt of lítil og léleg. Meðferðin getur tekið allt að 6 klukkustundir í senn. Sjúklingar geta varla staðið upp úr stólunum og rölt um vegna plássleysis. Aðstandendur eru hreinlega fyrir. Ekkert pláss er til að matast og ekki einu sinni pláss fyrir sjálfsala“



Signý Vala Sveinsdóttir, yfirlæknir blóðlækninga á Landspítala.



Agnes Smáradóttir, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala.

segir Halla: „Starfsfólkið hleypur um, hjúkrunarfræðingar sitja svo þétt að þau eru nánast með hvert annað í kjöltunni.“

Signý Vala segir sárt að ekki sé hægt að grípa til lausna sem liggja á borðinu þegar svona framlag til úrbóta bjóðist. „Það er vont að hugsa til þess að engar úrlausnir eru í sjónmáli.“ Hún staðfestir lýsingar Höllu.

Halla segir mörg kvíðin, döpur og jafnvel sorgmædd. „Fólk leggur mjög mikið á sig og berst fyrir lífi sínu. Alls konar aukaverkanir koma upp og því verður að vera hægt að ræða saman í næði og trún-



K-bygging Landspítala. Gert er ráð fyrir í gildandi skipulagi að K-bygging verði framlengd til austurs um 7,2m og fullgerð þannig. Þá er hægt að byggja það sem upp á vantar í samgöngum innanhúss í K-byggingu og tengja hana við eldri hluta húss 1 (álfu F)

aði. Ótalmargt skiptir máli svo hámarksárangur af meðferð náist. Lyfjagjöfin sem slík er ekki allt.“

„Vegna þrengsla heyrir fólk samtöl sem því koma ekki við. „Salernisaðstaðan er þannig að fólk með lyfjastatif á erfitt með að komast inn á þau. Dagdeildin er löngu sprungin,“ segir hún og óttast að engin breyting verði þar á næstu árin. Engin áform séu í auglýsingu.“

„Við verðum að gera þetta þannig að sómi sé að. Fólk kvartar lítið sjálft, bitur á jaxlinn, þekkir stöðuna á spítalanum, sér álagið á starfsfólkinu og er þakklátt fyrir að fá lyfjameðferðina.“

Hún segir það hafa verið hugmynd Landspítala að nýta K-bygginguna við Hringbraut sem staðið hafi ókláruð í 30 ár. Krabbameinsfélagið hafi rætt hugmyndina við fjármálaráðherra, fyrrum heilbrigðisráðherra, formann stýrihóps Nýja Landspítala, NLSH ohf., sem látið hefur af störfum og nú nýjan heilbrigðisráðherra í upphafi árs.

„Húsið er til. Það þarf að klára og yrði bylting fyrir þennan hóp,“ segir hún. „Málið varðar okkur öll og það verður að leysa. Stundum finnst mér eins og ástandið varðandi spítalann sé eins og í lærðu hjálparleysi, verkefnið sé svo yfirþyrmandi að við séum hætt að reyna að leysa það en á meðan vex vandinn.“

Vilja tryggja örugga yfirfærslu frá Danmörku í þrepum

Ekki var æskilegt að Landspítali tæki við öllum sýnunum sem þarf að frumskoða í einu veffangi og því var ákveðið að gera það í þrepum. Þetta segir Ágúst Ingi Ágústsson, yfirlæknir hjá Samhæfingarstöð Krabbameinsskimana, í svari við fyrirspurn *Læknaþbláðsins*. Landspítali hóf greiningu á leghálssýnum þann 1. febrúar.

Ágúst Ingi segir þessa leið farna þar sem þjálfar þurfi sérfræðinga spítalans til verksins. Þá sé tæknivinnan við að samþætta öll tölvukerfi flókin og viðamikil þannig að gagnaflæði sé óheft og öruggt milli Landspítala, Embættis landlæknis og Samhæfingarstöðvarinnar.

„Ég er mjög ánægður með að Landspítali sé nú byrjaður að greina leghálssýni og ég tel að það hafi verið hárrétt ákvörðun hjá ráðherra að fela Landspítala þetta verkefni,“ segir hann. Öruggt samkomulag við rannsóknastofuna í Hvidovre verði til þess að hægt sé að bregðast við komi einhverjir vankantar upp.

„Ég vil leggja áherslu á að við fáum öruggar greiningar á sýnunum í Danmörku. Það hefur aldrei leikið vafi á því.“



Ágúst Ingi Ágústsson læknir fagnar því að Landspítali sé farinn að greina leghálssýni tekin hér á landi.

Hins vegar er það óhagræði fyrir okkur að senda sýnin til Danmerkur og við reiknum með lengri svartíma auk þess sem ég tel mjög þýðingarmikið að þessi starfsemi og sú þekking sem byggðist upp hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins haldist hér á landi,“ segir Ágúst Ingi.

„Árangurinn af greiningum leghálssýna á Íslandi er ótvíræður og því full ástæða til að viðhalda þeirri þekkingu og færni sem við höfum yfir að ráða.“ Í frétt á vef Landspítala segir að viku taki að greina sýnin hér heima og að stefnt sé að því að spítalinn geti sinnt öllum greiningum í árslok.

Á Læknadögum 2022 er Margrét Aðalsteinsdóttir yfir og allt um kring. Myndlag

Ekkert skákar Læknadögum

„Skráning er góð og það stefnir í afar áhugaverða og skemmtilega Læknadaga,“ segir Margrét Aðalsteinsdóttir, starfsmaður Fræðslustofnunar lækna og Læknafélagsins. Hún heldur utan um Læknadaga í ár sem fyrri ár en málþingin og fundirnir verða hátt í tutugu í ár.

Læknadagar, sem hafa verið í janúar-



mánuði, verða nú 21.-25. mars þar sem kórónuveiran setti strik í reikninginn. „Miðað við þróun mála sé ég ekki að henni takist að skáka Læknadögum nú,“ segir hún. „Ég hvet því alla lækna til að taka þátt og skrá sig.“

Dagskrá og skráning er á innri vef Læknafélagsins.